

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Gránugötu 4-6
580 Siglufirði
B.t. Halldórs Þormars Halldórssonar

*Sent rafrænt á truoglf@syslumenn.is
Afrit er sent á postur@fjarsyslan.is*

Reykjavík, 8. júlí 2024

Efni: Kirkja sjöunda dags aðventista

Vísað er til bréfs sýslumannsins á Norðurlandi eystra frá 25. júní sl. til Kirkju sjöunda dags aðventista (hér eftir „**kirkjan**“), þar sem því var m.a. lýst yfir að sýslumaður hafi í hyggju að fella félagið af skrá yfir skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög eigi síðar en þann 10. ágúst nk. Hefur kirkjan falið undirrituðum lögmanni að svara erindinu fyrir hönd hennar.

Á 41. aðalfundi Kirkju sjöunda dags aðventista, sem haldinn var 22.-25. september 2022, var samþykkt tillaga um að fresta aðalfundinum og boða til framhaldsfundar 11. desember 2022. Þá var samþykkt að fráfarandi stjórn sæti áfram fram að framhaldsfundi. Þetta var gert í þeim tilgangi að Stór-Evrópuðeild kirkjunnar gæfist frestur til að skila skýrslu um svokallað *nánumál* svo að unnt væri að afgreiða allan ágreining um það mál innan kirkjunnar. Þar sem málið tafðist af hálfu Stór-Evrópuðeildarinnar var framhaldsfundinum frestað fram til 8. september nk. Um þessar mundir er nefnd á vegum deildarinnar að vinna að gerð skýrslunnar, sem verður síðan þydd úr ensku yfir á íslensku og send fulltrúum aðalfundarins fyrir umræddan framhaldsfund. Meðlimum kirkjunnar hefur margsinnis verið tilkynnt um dagsetningu fundarins í Kirkjufréttum, sem er málagn kirkjunnar, og er ekki uppi ágreiningur innan kirkjunnar um að fundurinn verði haldinn þann 8. september nk.

Í 3. gr. laga nr. 108/1999, um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög, er mælt fyrir um skilyrði fyrir skráningu trúfélags. Skv. 1. mgr. 3. gr. er það skilyrði skráningar að um sé að ræða félag sem leggur stund á átrúnað eða trú. Enn fremur er sett það skilyrði fyrir skráningu í 3. mgr. 3. gr. að félagið hafi náð fótfestu, starfsemi þess sé virk og stöðug, tilgangur þess stríði ekki gegn lögum, góðu siðferði eða allsherjarreglu og að í féluginu sé kjarni félagsmanna sem taka þátt í starfsemi þess og styðja lífsgildi félagsins í samræmi við kenningar þær sem félagið er stofnað um og eiga til sóknar að gjalda hér á landi samkvæmt lögum um sóknargjöld o.fl. Loks er það skilyrði að félagið sjái um tilteknar athafnir, svo sem útfarir, giftingar, skírnir eða nafngjafir og fermingar eða aðrar hliðstæðar athafnir, sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna. Ljóst er að Kirkja sjöunda dags aðventista uppfyllir framangreind skilyrði fyrir skráningu.

Undirritaður bendir á að þær staðhæfingar sem fram koma í bréfi sýslumanns um að trúfélag geti ekki hlotið skráningu á grundvelli laga nr. 108/1999 nema að uppfylltum tilteknum kröfum um val forstöðumanns og skipan stjórnar, auk þess sem ráðstöfun fjármuna þurfi að vera skýr og opin, sem og stjórnarhættir, á sér enga stoð í ákvæðum umræddra laga eða reglugerðar nr. 106/2014 um skráningu trúfélaga og lífsskoðunarfélaga. Þannig verður ekki séð að afstaða

sýslumanns og fyrirætlanir hans um að fella niður skráningu trúfélagsins byggist á haldbærum lagagrundvelli. Á sama hátt er ekki fyrir hendi nein lagaheimild fyrir því að fella niður greiðslur á sóknargjöldum til félagsins.

Ljóst er að hvorki í lögum nr. 108/1999 né reglugerð nr. 106/2014 er kveðið á um skyldu skráðs trúfélags til að halda aðalfundi. Þannig hvílir ekki skylda á kirkjunni lögum samkvæmt til að halda aðalfund innan ákveðins tíma hverju sinni. Lög nr. 108/1999 kveða heldur ekki á um kjörtíma eða skipan stjórnar skráðs trúfélags. Það er því alfarið á valdi kirkjunnar að ákveða hvenær aðalfundur skuli haldinn og er hún ekki bundin af ákvæðum laga í þeim eftir. Þvert á móti er kirkjan bundin af samþykkum sínum, bæði hvað varðar fyrirkomulag aðalfunda og stjórnarkjör.

Sem fyrr segir er ljóst að starfsemi Kirkju sjöunda dags aðventista uppfyllir þau skilyrði fyrir skráningu sem fram koma í lögum nr. 108/1999, enda er starfsemi kirkjunnar virk og regluleg og starfar kirkjan með eðlilegum hætti, þrátt fyrir að síðari hluta aðalfundar hafi verið frestað um tæp 2 ár. Þá er starfsemin að öllu leyti í samræmi við samþykktir kirkjunnar. Þannig segir t.d. í 2. mgr. 14. gr. samþykktanna, þar sem fjallað er um skipan og verksvið stjórnar kirkjunnar, að stjórnin fari með málefni kirkjunnar milli aðalfunda í samræmi við samþykktir hennar og ákvarðanir aðalfundar og fari með umboð aðalfundarins milli aðalfunda. Hvorki er kveðið á um það í samþykktunum né í fundargerð aðalfundarins sem haldinn var 22.-25. september 2022, að stjórnin skuli sjálfkrafa víkja sæti eða missa umboð sitt að ákveðum tíma liðnum. Þá hefur stjórninni ekki verið vikið úr embætti í samræmi við ákvæði 12. gr. samþykktanna og ný stjórn hefur ekki verið kjörin. Þannig þykir enginn vafi leika á því að núverandi stjórn kirkjunnar og forstöðumaður sitji áfram löglega í umboði kirkjunnar allt þar til stjórnarkosning hefur farið fram á síðari hluta aðalfundar þann 8. september nk.

Samkvæmt framangreindu telur stjórn kirkjunnar að ekki séu uppfyllt skilyrði fyrir því að fella niður skráningu trúfélagsins. Þvert á móti þykir ljóst að öll skilyrði skráningar eru uppfyllt, og er sýslumanninni því óheimilt samkvæmt lögum að fella niður skráningu félagsins. Þar sem enginn vafi leikur á því að kirkjan uppfyllir skilyrði laga nr. 108/1999 um skráningu trúfélags og eigi því rétt á greiðslum sóknargjalda á grundvelli laga nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. er sýslumanninn jafnframt óheimilt að láta fella niður greiðslur á sóknargjöldum til félagsins.

Þá bendir undirritaður á að samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 108/1999 skal sýslumaður, ef skilyrði skráningar eru ekki lengur fyrir hendi eða ef trúfélag vanrækir skyldur sínar samkvæmt lögum, veita féluginu skriflega viðvörun og setja því frest til að bæta úr því sem áfátt er. Skal sá frestur ekki vera skemmri en einn mánuður. Sá frestur sem sýslumaður veitti í erindi sínu frá 25. júní sl. er því nánast eins stuttur og skemmst er heimilt samkvæmt lögum, þ.e. um 45 dagar. Verður að telja að það fari í bága við meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins, sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, að veita svo skamman frest til úrbóta, einkum í ljósi þess að nú þegar hefur verið boðað til síðari hluta aðalfundar þann 8. september nk., og ekki verður annað séð en að að þeim fundi frágengnum hafi verið leyst úr öllum þeim atriðum sem sýslumaður gerir athugasemdir við í erindi sínu. Með vísan til þessa og alls þess sem að framan er rakið verður að telja að kirkjunni skuli í öllu falli veittur frestur fram yfir áðurgreindan framhaldsfund þann 8. september 2024 til að bæta úr því sem sýslumaður telur að áfátt sé, í samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins. Skal í þessu sambandi bent að að sú ákvörðun að fella úr gildi skráningu trúfélags er verulega íþyngjandi og ber sýslumanninn því að gæta vandlega að efnis- og málsmeyferðarreglum stjórnsýsluréttarins við undirbúning og töku slíkrar ákvörðunar.

Að öllu framangreindu virtu er þess óskað að erindi sýslumanns frá 25. júní sl. verði afturkallað þar sem ekki eru uppfyllt lagaleg skilyrði fyrir því að krefja kirkjuna um úrbætur og fella úr gildi skráningu trúfélagsins á grundvelli 1. mgr. 6. gr. laga nr. 108/1999, svo sem rakið hefur verið. Þá er þess jafnframt óskað að sýslumaður afturkalli erindi sitt til Fjársýslu ríkisins þar sem farið var fram á niðurfellingu sóknargjalda til kirkjunnar. Verði ekki fallist á beiðni um afturköllun er þess óskað að sýslumaður framlengi þann frest sem hann setti kirkjunni til úrbóta í erindi sínu þannig að fresturinn nái fram yfir boðaðan síðari hluta aðalfundar þann 8. september nk.

Virðingarfyllst,
f.h. Kirkju sjöunda dags aðventista

Guðrún S. Sigridard.
Guðrún Sólveig Sigriðardóttir lögmaður
f.h. Óskars Sigurðssonar hrl.